



## 2207350 – Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

### Svar við bókun Samfylkingar:

Árið 2020 var sett bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025.

Árið 2021 voru 41 sveitarfélög með hallarekstur á A-hluta og því í hættu að uppfylla ekki skilyrði um jafnvægisreglu (horft er á 3 ár í senn) og 43 sveitarfélög sem uppfylla ekki skilyrði um skuldahlutfall.

Eftirlitsnefndin sendi ofangreindum sveitarfélögum bréf til að vekja athygli á lágmarksviðmiðum og að skilyrðin skuli að nýju uppfyllt árið 2026. Bréfið er áminning um að sveitarfélögin þurfa að ná jafnvægi í rekstri að nýju en samkvæmt samantekt Sambandsins hefur umtalsverð hækkun launa vegið þungt í rekstri sveitarfélaga sem og viðvarandi hallarekstur á þjónustu við fatlað fólk.

Hafnarfjörður 16. ágúst 2022

Rósa Steingrímsdóttir  
Sviðsstjóri fjármálasviðs